



Reykir, vorönn 2024

Ylraektun grænmetis II lífrænt

YLMA3LA06

Kennsluáætlun, drög

Ylraektun matjurta II lífrænt, vorönn 2024

Tími, dags.	Viðfangsefni
fim 11.jan 09:00-15:45	Kennsluáætlun. Kynning á áfanganum. Tegundir í íslenskri ylraektun. Sáning á hnúðkáli í tilraunahúsi
fim 18.jan 09:00-14:10	Heit gróðurhús, einfaldari hús. Jarðvegur og næring, frágangur beða ofl.
fim 15.jan 09:00-14:10	Hnúðkál, grænkál. Aðrar káltegundir sem gætu gengið í gróðurhúsaræktun.
fim 25.jan 09:00-14:10	Gulrætur, rauðrófur, næpur, hreðkur
mið 31.jan 09:00-14:10	Salat, spínat, stilkbeðja
fim 08.feb 09:00-15:45	Val á ritgerðarefni, heimildaleit á bókasafni. Gróðursetning hnúðkáls og grænkáls
fim 15.feb 09:00-15:45	Blaðlaukur, vorlaukur og aðrir laukar
fim 22.feb 09:00-15:45	Eggaldin, chilipipar, kúrbítur
fim 29.feb 09:00-15:45	Kryddjurtir í pottum og á beðum
fim 07.mar 09:00-15:45	Stilksellerí, hnúðsellerí, aðrar tegundir
fim 14.mar 09:00-15:45	Lotuvika- vettvangsferð Lambhagi eða Vaxa. Ritgerðaskil.
fim 21.mar 09:00-15:45	Sjúkdómar og varnir, uppskera og vörumeðhöndlun. páskar sunnudag 31.mars
fim 04.apr 09:00-15:45	upprifjun efnis
þri 09.apr 09:00-15:45	upprifjun efnis
fös 19.apr 09:00-12.00	próf
	Ath: kennsluáætlunin getur tekið breytingum!
	Námsmat:
	skilaverkefni 30% Lágmarkseinkunn í skilaverkefnum 4,0
	einstaklingsritgerð 20% Nemandi velur eina tegund eða tegundahóp til umfjöllunar. 4-5 bls.
	lokapróf 50%, lágmarkseinkunn 4,5

Kennari: Ingólfur Guðnason

Lýsing

Fjallað um lífræna ræktun helstu tegunda matjurta í gróðurhúsum. Tekin verða fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund: íslenskt og latneskt heiti, uppruni, grasafraeðileg lýsing, yrki, útplöntun, vaxtarrými, ræktunarefni, vökvun, áburðarþörf og valkostir við áburðargjöf, hitakröfur, vöxtur og þroski, blóm- og aldinmyndun, almenn umhirða og uppskerustörf. Vettvangsheimsóknir.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu tegundum matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum á Íslandi.
- Flokkunarfræði viðkomandi tegunda og grasafræðilega lýsingu þeirra.
- Vali á heppilegum yrkjum til ræktunar í lífrænni ræktun matjurta í gróðurhúsum.
- Umhverfisskilyrðum og stýringu þeirra í ræktun í gróðurhúsum.
- Plöntuvernd viðkomandi tegunda í lífrænni ræktun í gróðurhúsum.
- Ræktunartækni og umhirðu við lífræna ræktun lykiltegunda í matjurtaræktun í gróðurhúsum.
- Uppskeruaðferðum og meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafa yfirsýn yfir lífræna ræktun helstu tegunda matjurta í gróðurhúsum, metið með kynningu.
- Bera saman kosti og galla mismunandi yrkja lífrænt ræktaðra matjurta í gróðurhúsum, metið með rökstuðningi.
- Meta umhverfisástand í gróðurhúsum og setja upp viðeigandi áætlun um stýringu umhverfisþátta, metið með kynningu og rökstuðningi.
- Setja saman ræktunaráætlanir fyrir lykiltegundir matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum og fylgja þeim eftir, metið með rökstuðningi og kynningu.
- Tryggja gæði afurða sinna með viðeigandi aðferðum við uppskeru og meðhöndlun fram að sölu, metið með verkskipulagi, frágangi og útsjónarsemi.
- Miðla til annarra hvernig lífræn ræktun matjurta í gróðurhúsum fer fram, metið með kynningu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina og flokka helstu tegundir matjurta í lífrænni ræktun í gróðurhúsum á Íslandi.
- Stýra umhverfisskilyrðum í gróðurhúsum.
- Beita viðeigandi tækni við ræktun og umhirðu lykiltegunda í lífrænni matjurtaræktun í gróðurhúsum.
- Beita viðeigandi aðferðum við plöntuvernd, uppskeru, meðhöndlun og geymslu afurða fram að sölu.